



Ungmennafélagið Stjarnan

Stefnumótun aðalstjórnar

Veturinn 2011-2012

Inngangur

Fljótlega eftir að ný aðalstjórn Stjórnunnar tók við vorið 2011 var ákveðið að ráðast í vinnu við stefnumótun félagsins. Nokkur tími var liðinn síðan slík vinna hafði verið unnin síðast og talin þörf á að kalla fram vilja hins almenna félagsmanns og efla félagslega þáttinn í starfi félagsins.


Markmið

Helstu markmið vinnunar voru að:

- Fá fram skoðanir hins almenna félagsmanns
- Forgangsraða
- Að vera stökkpallur fyrir frekari vöxt og viðgang félagsins
- Efla félagsandann
- Virkja fleiri til vinnu fyrir félagið

Ferlið

Ákveðið var í upphafi að leggja áherslu á að virkja sem allra flesta og að niðurstöðurnar væri skoðun og vilji hins almenna félagsmanns en ekki ákvörðun Aðalstjórnar (e. Bottom up v.s. top down.) Við skipulagningu ferlisins og þá helst við framkvæmd þjóðfundar/stórfundar nutum við aðstoðar Sigurjóns Þórðarsonar ráðgjafa frá Capacent. Áhersla var lögð á að greina hver staðan er, hvert við viljum fara og hvernig við viljum fara þangað. Hins vegar var talið óraunhæft í fyrstu atrennu og innan þess tímaramma sem ætlaður var til verksins að skilgreina t.d. sérstaka framtíðarsýn, gildi og hlutverk félagsins.



Ferlinu var skipt í þrjú þrep, stöðufundir þar sem var farið yfir stöðuna eins og hún er í dag, stórfundur með þáttöku almennra félagsmanna þar sem rætt var hvað má betur fara og síðan nefndarvinna með áherslu á helstu svið starfsins þar sem sett voru markmið og skilgreind umbótaverkefni.


Stöðufundir

Byrjað var á stöðufundum þar sem fulltrúar stjórnar deilda félagsins, foreldrar, iðkendur og þjálfarar fóru í gegnum hefðbundna SVÓT greiningu á félaginu, þ.e. ræddu styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Fundirnir voru fjórir, þátt tóku um 35 manns og sköpuðust góðar umræður um stöðu félagsins.

Þáttakendur

- Iðkendur
- Foreldrar
- Þjálfarar
- Stjórnarfolk úr deildum

Niðurstöður



Flestir þátttakendur voru sammála um að helstu styrkleikar Stjörnnunnar fælust í mikilli fjölbreytni, yfir höfuð góðri aðstöðu, að vera eina félagið í bænum og góðum árangri bæði í yngri flokkum og afrekstarfi. Veikleikarnir teljast hins vegar vera erfið fjáröflun, sundurlaust skipulag og lítil yfirbygging, léleg félagsaðstaða, klíkumyndun í stjórnnum og hversu erfitt er að fá Garðbæinga bæði til að starfa fyrir félagið og mæta á leiki.

Mikil tækifæri felast í því að bæta skipulag félagsins og auka samvinnu á milli deilda, byggja á góðum árangri undanfarinna ára, vinna í „branding“ fyrir allt félagið og gera félagið sýnilegra og stór auka samstarf við skólana í bæjarfélaginu. Ógnanirnar eru hins vegar breytt umhverfi er varðar fjármögnun, að aðstaðan nái ekki að fylgja með stækkandi félagi, samkeppni um iðkendur bæði frá öðrum íþróttafélögum og annarri afþreyingu og að skipulag félagsins sé ef til vill ekki í stakk búið til að takast á við breytta tíma.

Styrkleikar

Styrkleikar

Forráða menn deilda	Foreldrar	Iðkenndur	Þjálfarar
Góð aðstaða	Góðir þjálfarar	Metnaður og góður liðsandi	Eitt félag
Eitt félag í Garðabæ	Góð aðstaða	Góð aðstaða	Velviljað bæjarfélag
Margar greinar - Fjölbreytni	Góður árangur	Góðir yngri flokkar	Fjöldi iðkennda
Barna og unglunga starf	Góð fjárhagsstaða - lág æfingagjöld	Góð umgjörð	Reyndir og vel menntaðir þjálfarar
Óflugir foreldrar	Jákvæður félagsandi		Laun greidd á tíma
Góð ímynd	Stuðningur		Aðstaða - Fyrir utan
Afrestar	bæjarfélagsins - t.d.		fótbolta og sund
Fyrirmyndarfélag	Tómstundabíll og hvatapeningar		Samkennd
	Óflug foreldraráð og samheldni		Foreldra starf
			Fjárhagslega sterkt félag
			Lítill leiðindi milli deilda
			Strong brand

Veikleikar

Veikleikar

Forráða menn deilda	Foreldrar	Iðkenndur	Þjálfarar
Erfið fjáröflun	Yfirstjórn ósýnileg	Aðstaða fyrir fótbolta	Félagsaðstaða
Innra starf - fáir sjálfboðaliðar	Innviðir	Stuðningur áhorfenda	Skortur á afreksstefnu,
Lélegur infrastrúktúr	Klíkumyndun í stjórnnum	Peningaleysi/kostnaður iðkennda	óskilgreindur mundur á afreksstarfi og grasrót.
Erfitt að virkja Garðbæinga - vantar sjálfboðaliða og áhorfendur	Branding og búningamál	Samvinna milli deilda	Skortur á starfsfólki
Félagsheimili nýtist illa sem hjarta	Fjárhagur og óskýr skipting	Sjúkraþjálfun (í fimleikum)	Lítið stjórnuhjarta
Starfsemi slitin í sundur Mýrin v.s. Ásgarður	Félagsandi - t.d. Mæting á leiki og í starf		Staða meistaraflokka
Léleg heimasíða	Tímaskipulag og aðstaða		Aðstaða
Brottfall iðkennda	Aðstaða og viðhald hennar		knattspyrnudeildar
	Stjarnan.is		Ósamræmi milli deilda

Ógnanir

Ógnanir

Forráða menn deilda	Foreldrar	Iðkenndur	Þjálfarar
Fjármögnun	Fjármál - kostnaður fyrir foreldra	Kostnaður og peningaleysi	Önnur félög
Og mikil keppni - brottfall	Klíkumyndun í stjórnnum	Lítill stuðningur áhorfenda	Að það verði slys á æfingum
Mannvirki fylgi ekki með	Óskipulag á félaginu	Ef ekki er haldið nógu vel utan um B&U starf	Skipulag félagsins
Fáir starfsmenn	Fjármögnun	Aðstaða, betri aðstaða annarra t.d. í fótbolta	Fjármál - kostnaður fyrir foreldra
Samkeppni um iðkendur	Aðstaða að springa Flótti í önnur félög		
Álftanes			

Hvað má betur fara í starfi Stjórnunnar

Stæstur hluti fundarins fór í að ræða hvað mætti betur fara í starfi Stjórnunnar. Mikið var rætt um aukna samvinnu milli deilda, opnari félagsaðstoðu, betri heimasíðu og aukna sameiginlega þjónustu á skrifstofu aðalstjórnar. Einnig var rætt um aukið gegnsæi og sanngirni í styrkveitingum til afreksstarfs og aukið aðhald og eftir fylgni með fjármálum deildanna. Annað má sjá á myndinni hér fyrir neðan.



Afreksstarf

Frekari greiningu á niðurstöðum er varða afreksstarf má sjá á eftirfarandi mynd.




Barna- og unglíngastarf

Frekari greiningu á niðurstöðum er varða barna- og unglíngastarf má sjá á eftirfarandi mynd.




Fjármál

Frekari greiningu á niðurstöðum er varða fjármál má sjá á eftirfarandi mynd.




Mannvirki

Frekari greiningu á niðurstöðum er varða mannvirki má sjá á eftirfarandi mynd.




Ímyndar- og upplýsingatækni

Frekari greiningu á niðurstöðum er varða ímyndar- og upplýsingatækni má sjá á eftirfarandi mynd.



Hvað er mikilvægast að gera strax?

Þegar spurt var hvað væri mikilvægast að ráðast í strax var mikil áhersla lögð á heimasíðu félagsins, að skýra skipulag og hlutverk starfsmanna, bæta miðlæga þjónustu og auka gegnsæi í fjármálum félagsins.



Nefndastarf

Síðasti hluti stefnumótunarvinnunar var nefndarstarf þar sem kafað var dýpra í hin einstöku svið í starfi félagsins. Haldnir voru opnir fundir um hvert málefni þar sem niðurstöður úr öðrum hlutum stefnumótunarinnar voru hafðir til hliðsjónar. Tilgangur fundanna var að setja félaginu markmið í hverjum málaflokki, rýna starfið með tilliti til markmiðanna og skilgreina umbótaverkefni.

Afreksnefnd

Markmið

- Stjörnuheimilið á að vera iðandi af lífi líkt og önnur mannvirki sem félagið hefur afnot af, stuðla þarf að aukinni notkun félagsmanna af heimilinu.
- Aðstaða iðkennda á að vera eins og best verður á kosið og skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til þess að æfa og keppa í fremstu röð.
- Í þeim mannvirkjum sem Stjarnan hefur aðgang að skulu iðkenndur og aðstandendur ávallt upplifa sig á heimavelli og sem mikilvægan hluta í stafsemi U.M.F. Stjörnunnar

Rýni á starf

Hvað vantar í starfsemi Stjörnunnar, er varðar mannvirki, til þess að við uppfylfum markmið okkar?

- A. Bæta þarf aðstöðu afreksmanna til kraftþjálfunar, kallað hefur verið eftir lyftinga eða fitness sal. Aðstaða afreksmannanna okkar á að vera eins og best verður á kosið enda hefur það lengi verið markmið Stjörnunnar og Garðabæjar
- B. Lengi hefur viðhaldi verið ábótavant í félagsheimilinu, þessi eina fasteign félagsins er stór áfangi í sögu Stjörnunnar og mikilvægt að því sé haldið við og sé okkur alltaf til sóma.
- C. Tengja þarf hin ýmsu mannvirki sem félagið hefur aðgang að Stjörnunni með sterkari hætti en nú hefur verið gert, þó aðstaða félagsins sé á þremur stöðum í bæjarfélaginu stendur ekkert í vegi fyrir því að Stjörnumenn upplifi sig alltaf á heimavelli.

Hvað í núverandi starfsemi Stjörnunnar, er varðar mannvirki, er ekki í takt við markmið okkar?

- A. Stjörnuheimilið er mikið læst og gestir upplifa sig ekki ávalt velkomna
- B. Handknattleiksdeild hefur einangrast en ekki hefur enn tekist að gera Mýrina jafn sterka innan félagsins og Ásgarður er.
- C. Ekki er boðið upp á kraftþjálfunar sal sem samrýmist kröfum afreksmanna.

Umbótaverkefni

- Fullgera afreksstefnu
- Stækka skrifstofuna og fjölga starfsmönnum. Skilgreina verkefni starfsmanna skrifstofu.
- Færa allt afreksstarf í Ásgarð sem verður heimavöllur UMF Stjörnunnar
- Útbúa lyftingasal sem uppfyllir staðal fyrir afreksstarf. (Vinna að hluta hafin hjá íþróttfulltrúa Garðabæjar)

- Fá aðila til að gefa kost á sér í stjórnir sérsambanda

Barna- og unglínganefnd

Markmið

- Sameiginlegur utanyfirgalli
- Kynning á íþróttagreinum á haustin fyrir börn yngri en sex ára
- Forma upplýsingagjöf með betri heimasíðu og ákveða samskiptakerfi milli félags og foreldra
- Setja reglur um hlutverk og starfssvið þjálfara (s.s. tungumál, viðvera fyrir og eftir æfingar, sakavottorð)
- Setja á fót afrekshóp, þannig að þeir sem skara framúr (á hvaða aldri sem er) fái tækifæri til að æfa með fyrirmyndum

Rýni á starf

Hvað vantar í starfsemi Stjórnunnar, er varðar barna- og unglíngastarf, til þess að við uppfyllum markmið okkar?

- Koma á fót vinnu við kynningu á íþróttagreinum, s.s. með aðkomu íþróttaskóla
- Skilgreina grunnþætti sem þurfa að koma fram í samskiptum félags og foreldra og ákveða hvernig skuli koma upplýsingum á framfæri
- Lista upp þá þætti sem gerð er krafa um að þjálfarar uppfylli og eftirlit á því að þjálfarateymi fullnægi þeim skilyrðum

Hvað í núverandi starfsemi Stjórnunnar, er varðar mannvirki, er ekki í takt við markmið okkar?

- Erlendir þjálfarar sem kunna ekki íslensku og félagið býður ekki uppá önnur úrræði
- Í dag er afreksíþróttafólk að sinna þjálfun þar sem áhugann virðist vanta
- Óljósar reglur og viðmið um þær væntingar sem unnt er að gera til þjálfara
- Það vantar miðstýringu á samræmingu starfsins á milli deilda
- Óskýr skil um afreksstig í starfinu, þ.e. ekki skýrt að verið sé að starfa eftir viðmiðum ÍSÍ þar sem keppni byrjar strax

Umbótaverkefni

- Samræma búninga, áhersla á utanyfirgalla
- Heimasíða, koma þarf á fót aðgengilegri síðu með fullnægjandi upplýsingum
- Kynning á íþróttastarfi, hafa kynningu á haustdögum fyrir börn yngri en sex ára
- Miðstýra samningagerð við starfsmenn þannig að tryggt sé að ákveðin grunnatriði séu til staðar (líka þarf að ákveða grunnatriðin)

Fjármálanefnd

Markmið

Bókhald og bókhaldskerfi.

Að bókhald deilda Stjórnunnar sé uppfært daglega í kerfi sem sé aðgengilegt gjaldkerum deildanna. Þannig að bókhaldið nýtist sem stjórn tæki fyrir stjórnir deildanna til að sjá uppfært yfirlit yfir skuldbindingar sínar. Ráðinn verði starfsmaður á skrifstofu félagsins sem sinni þessum þætti og tryggi þar með aðskilnað á milli færslu bókhalds og umsýslu fjármuna hjá félaginu.

Þjónusta aðalstjórnar við deildir

Að starfsmaður / menn aðalstjórnar veiti deildunum háægæða fjármálaþjónustu. Það felur í sér daglega færslu bókhalds, lausafjárstjórnun, greiðslu kostnaðar, útgáfu reikninga fyrir auglýsingum og styrkjum, utanumhald um skuldbindingar.

Fjármálastjórn deilda.

Að allar deildir Stjórnunnar geri áætlanir til tveggja til þriggja ára um rekstur sinn. Allar deildir hafi fjárreiðumenn (gjaldkera) sem hafi yfirsýn yfir stöðu deildarinnar á hverjum tíma og ábyrgist að íbróttastarfið haldist í hendur við þau markmið að starfið sé hallalaust.

Styrkveitingar

Að styrkjaumhverfi félagsins sé þannig útfært að það sé gagnsætt fyrir alla félagsmenn í Stjórnunni. Úthlutunarreglur séu greinilegar og tryggi aðgengi allra deilda að styrkjaumhverfinu. Við úthlutun styrkja sé stuðst við fjárstreymisáætlanir sem miði við að styrkir séu greiddir inn á reikninga deilda en ekki skuldajafnaðir í bókhaldi.

Sameiginlegar fjáraflanir

Að aðalstjórn Stjórnunnar leiði sameiginlegar fjáraflanir deilda með sameiginlegu fjáröflunarteymi. Settar verði skýrar og gegnsæjar reglur um skiptingu fjármuna sem safnast með þessum hætti.

Umbótaverkefni

Að farið verði í það nú þegar að greina og skilgreina möguleg starfssviðs nýs starfsmanns hjá aðalstjórn sem geti uppfyllt ofangreind markmið. Í kjölfarið á gerð starfslýsingar verði farið í að auglýsa starfið og ráða einstakling sem uppfyllir kröfur starfslýsingarinnar.

Að farið verði í það að gera styrkjaumhverfi Stjórnunnar gegnsærra með því að setja nú þegar greinilegar reglur sem úthlutun styrkja á vegum félagsins.

Mannvirkjanefnd

Markmið

- Stjórnuheimilið á að vera iðandi af lífi líkt og önnur mannvirki sem félagið hefur afnot af, stuðla þarf að aukinni notkun félagsmanna á heimilinu.
- Aðstaða iðkenda á að vera eins og best verður á kosið og skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til þess að æfa og keppa í fremstu röð.
- Í þeim mannvirkjum sem Stjarnan hefur aðgang að skulu iðkendur og aðstandendur ávallt upplifa sig á heimavelli og sem mikilvægan hluta í starfsemi U.M.F. Stjórnunnar

Rýni á starf

Hvað vantar í starfsemi Stjórnunnar, er varðar mannvirki, til þess að við uppfylfum markmið okkar?

- A. Bæta þarf aðstöðu afreksmanna til kraftþjálfunar, kallað hefur verið eftir lyftinga eða fitness sal. Aðstaða afreksmannanna okkar á að vera eins og best verður á kosið enda hefur það lengi verið markmið Stjórnunnar og Garðabæjar.
- B. Lengi hefur viðhaldi verið ábótavant í félagsheimilinu, þessi eina fasteign félagsins er stór áfangi í sögu Stjórnunnar og mikilvægt að því sé haldið við og sé okkur alltaf til sóma.
- C. Tengja þarf hin ýmsu mannvirki sem félagið hefur aðgang að Stjórnunni með sterkari hætti en nú hefur verið gert, þó aðstaða félagsins sé á þremur stöðum í bæjarfélaginu stendur ekkert í vegi fyrir því að stjórnnumenn upplifi sig alltaf á heimavelli.

Hvað í núverandi starfsemi Stjórnunnar, er varðar mannvirki, er ekki í takt við markmið okkar?

- A. Stjórnuheimilið er mikið læst og gestir upplifa sig ekki ávalt velkomna.
- B. Handknattleiksdeild hefur einangrast en ekki hefur enn tekist að gera Mýrina jafn sterka innan félagsins og Ásgarður er.
- C. Ekki er boðið upp á kraftþjálfunar sal sem samrýmist kröfum afreksmanna.

Umbótaverkefni

- Efla líf í Stjórnuheimilinu, koma má upp föstum atburðum þar sem allir Stjórnnumenn upplifa sig velkomna, stafsmenn sjái til þess að Stjórnnumenn komi sem sjaldnast að læstum dyrum.
- Merkja betur þau mannvirki sem Stjarnan hefur afnot af, slíkt eflir félagsandann. Nýta má stóra fleti til þess að kynna sögu félagsins og minna á það sem félagið stendur fyrir og þau afrek sem við erum hvað stoltust af.
- Skoða möguleika á því að koma upp kraftþjálfunar sal sem sinnir þörfum afreksstarfs félagsins

Ímyndar- og upplýsingatækninefnd

Markmið

- Heimasíða, þarfagreining, ný frá og með hausti 2012.
- Skipuleggja utanumhald viðburða, s.s. með stuðningi heimasíðu og launaðra starfsmanna.
- Reglugerð um búninga (sjá Fram, Víkungur (Janus))
- Reglugerð um merki (sjá Fram, Víkungur (Janus))
- Stjórnuverslun, einhvers konar útfærsla á búð
- Merkja aðsetur félagsins, t.d. í íþróttahúsum Garðabæjar

Rýni á starf

Hvað vantar í starfsemi Stjórnunnar, er varðar ímyndar- og upplýsingatæknimál, til þess að við uppfyllum markmið okkar?

- Nýja heimasíðu sem byggir á þarfagreiningu, s.s. HK og ÍR

- Fleira launað starfsfólk, aukin þjónusta starfsmanna, tryggja nauðsynlega grunnþætti

Hvað í núverandi starfsemi Stjórnunnar, er varðar ímyndar- og upplýsingatækni, er ekki í takt við markmið okkar?

- Heimasíðan er óásættanleg og gefur ófullnægjandi upplýsingar
- Búningar og notkun á merki félagsins er ekki nægilega skýrt og afmarkað
- Festa þarf skipulag félagsins og stuðla að auknum aga félagsmanna.
- Enginn aðgangur að vörum félagsins í Stjörnuheimili
- Óljóst að íþróttahúsin séu aðstaða Stjörnumanna

Umbótaverkefni

- Ný heimasíða
- Launaða starfsfólk: þjónusta, heimasíða, verslun
- Klára reglugerðir um búninga og merki félagsins
- Sameina búninga félagsins
- Merkja aðstöðu félagsins í húsum Garðabæjar

Niðurstöður

Allmennt má segja að vinnan við stefnumótunina hafi gengið vel og að vel hafi gengið að fanga hugmyndir og áherslur hins almenna félagsmanns. Stjarnan er stórt og öflugt félag með mjög fjölbreytta starfsemi og greinlegur vilji er til þess innan félagsins að við verðum það áfram og við nýtum okkur það með aukinni samvinnu milli deilda og öflugri miðlægri þjónustu á skrifstofu og félagsheimili félagsins. Einnig kemur fram ákveðið vantraust á fjármálum félagsins, sérstaklega er varða aðhald með rekstri afrekstarfs og hvernig fjármunum er úthlutað til þess.

Mikilvægt er að nýta þær upplýsingar sem hér koma fram til að bæta starfið. Nú þegar hefur nokkuð áunnist. Fyrstu skref hafa verið stigin í átt að nýju og gegnsærra úthlutunarferli afrekstyrkja sem byggir á nýjum samningi við Garðabæ. Ný heimasíða hefur verið sett í loftið og í gegnum vinni við stefnumótunina og á félagsráðs fundum hafa farið fram auknar umræður um samstarf deildanna.